



Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning er samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 og reglum um sérstakan húsnæðisstuðning í Ísafjarðarbæ.

Dagsetning og staðfesting móttöku: _____

Almennar upplýsingar:

Nafn umsækjanda (sama nafn og á leigusamningi)	Kennitala
Heimilisfang (lögheimili)	Póstnúmer
Netfang	Símanúmer
Atvinnustaða	

Sérstakur húsnæðisstuðningur leggst inn á eftirfarandi reikning:

Nafn banka:	Útibú nr.:	Höfuðbók:	Númer reiknings:

Ég undirrituð/-aður lýsi því hér með yfir að samþykki okkar liggur fyrir hjá Vinnumálastofnun um að fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar sé heimilt að sækja allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar okkar um sérstakan húsnæðisstuðning. Ég undirrituð/-aður sæki hér með um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt reglum um sérstakan húsnæðisstuðning í Ísafjarðarbæ, jafnframt lýsi ég því yfir að allar tilgreindar upplýsingar eru réttar. Ég skuldbind mig til að tilkynna sveitarfélaginu þegar í stað um sérhverjar þær breytingar á högum mínum og heimilis- aðstæðum og öðrum þeim atriðum er áhrif geta haft á rétt minn til sérstakra húsnæðisbóta og bótafjárhæð. Mér er kunnugt um ákvæði 13. gr. reglna um sérstakan húsnæðisstuðning í Ísafjarðarbæ, varðandi viðurlög við brotum á reglunum og skyldu til endurgreiðslu.

Undirskrift umsækjanda og annarra fullorðinna íbúa leiguhúsnæðisins:

Ég/við undirrituð 18 ára og eldri er búum í leiguíbúðinni veitum hér með sveitarfélaginu fullt og ótakmarkað umboð til þess að afla tilskilinna upplýsinga hjá Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Islands, LIN, sýslumönnum og öðrum opinberum aðilum sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið saman á við um öflun upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis.

Dags. _____

Undirskrift umsækjanda	Kennitala:
Undirskrift annarra íbúa	Kennitala:

Aðrar upplýsingar sem umsækjandi óskar eftir að koma á framfæri:

Vinsamlegast lesið vandlega:

Skilgreining og markmið

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem leigja á almennum markaði og eru ekki á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa og þungrar framfærslubýrðar.

Umsókn

Umsókn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af hemilismönnum, 18 ára og eldri.

Umsóknarfrestur er til 20. þess mánaðar sem fyrst er greitt fyrir. Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum (sjá framhlið) sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknarinnar. Hafi tilskilið samþykki Vinnuálastofnunar við umsókn um húsnæðisbætur ekki borist fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt.

1. Réttur umsækjanda til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur skal hafa verið staðreyndur.
2. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ þegar sótt er um.
3. Leiguhúsnæði skal vera í Ísafjarðarbæ nema um sé að ræða húsnæði fyrir 15-17 ára börn, sbr. 8. gr. reglna þessara.
4. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, séu undir efri tekjumörkum samkvæmt 5. gr. reglna um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Ísafjarðarbæ (sjá einnig töflu hér að neðan).
5. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en kr. 5.126.000,-.

Fjárhæð og greiðsla

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.100.000	3.875.000	258.333	322.917
2	4.100.000	5.125.000	341.667	427.083
3	4.800.000	6.000.000	400.000	500.000
4 eða fleiri	5.200.000	6.500.000	433.333	541.667

Skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings er að umsækjandi fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur. Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði. Ekki er greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur þega húsnæðiskostnaður að frádregnum húsnæðisbótum er kr. 50.000,- eða lægri.

Fjölskyldusviði er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt.

Upplýsingaskylda umsækjanda

Umsækjandi skal upplýsa fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á fyrirliggjandi mat á þörf hans á sérstökum húsnæðisstuðningi. Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur og getur fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar endurkræfið umsækjanda um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Hægt er að fá upplýsingar og skila inn umsóknum á fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar

Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður
Sími: 450-8000



ÍSAFJARÐARBÆR
fjölskyldusvið